

25. maí 2018.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Persónuvernd, innleiðing, mál 1712233

Þetta minnisblað er lagt fram til kynningar fyrir nýtt fræðsluráð Hafnarfjarðar. Það er sérstaklega lagt fram til að kynna stöðu á málefnum persónuverndar í grunnskólastarfi í samhengi við tvennt. Annars vegar ný lög um persónuvernd sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2018 – sjá lög in undir gögnum máls ásamt frumvarpinu með skýringum. Hins vegar vegna svonefnds Mentorsmáls sem hefur verið til umfjöllunar hjá Persónuvernd og komið í fjölmiðlum.

Ný lög um persónuvernd eru ættuð frá Evrópusambandinu og gjarnan nefnd GDPR lög in. Í þeim lögum eru margskonar verkefni lögð á hendur stofnunum til að tryggja íbúum landa friðhelgi og persónuvernd. Lög in hafa einnig margvísleg áhrif á grunnskólastarf. Skrifstofa fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar hefur, í samstarfi við grunnskólastjórnendur í Hafnarfirði, aðlagað grunnskólastarfið að komandi lagasetningu. Það hefur m.a. gerst á eftirfarandi hátt og mun gerast áfram:

- Skólastjórnendur fengu námskeið um væntanleg lög í vor og helstu verkefni sín þar.
- Allir grunnskólar Hafnarfjarðar fengu form að upplýsingaöryggisstefnu sem útbúið var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem þeir útfylltu. Það hefur farið í yfirferð og er samþykkt af Öryggisráðgjafa. Sjá form sem fylgir gögnum máls.
- Allir grunnskólar Hafnarfjarðar fengu form að áhættumati sem útbúið var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeir útfylltu. Það hefur farið í yfirferð og er samþykktarferli af Öryggisráðgjafa meðan beðið var nýju laganna. Sjá form sem fylgir gögnum máls.
- Skýrsla sem staðfestir áhættumatið var af Sambandi íslenskra og er í vinnslu af Öryggisráðgjafa meðan beðið var endanlegrar útgáfu nýju laganna.
- Reglubók um verklag í persónuvernd fyrir grunnskóla er væntanleg í kjölfar skýrslu í fyrri lið og kemur til skólanna fyrir haustið frá Öryggisráðgjafa að öllu óbreyttu.
- Hver skóli þarf síðan að útfæra verklagsreglur innan skóla á grunni reglubókar, þ.e. vinna nákvæmlega eftir reglubókinni eða gera breytingar sem henta viðkomandi skóla.

Eitt stærsta verkefni skólanna verður þó að útbúa vinnsluskjal um alla persónuvinnslu í samræmi við nýju lög in, svonefnda vinnsluskrá. Sérstakt verkefni er í gangi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um að búa til sniðskjal að vinnsluskrá fyrir alla grunnskóla á

landinu, þ.e. forskrá upplýsingar en hver skóli breytir síðan vinni hann öðru vísi. Beðið er eftir vinnsluskrárformin svo einstaka skólar geti lokið því og sett í gang umbótaverkefni á sviði gagnavarðveislu og persónuverndar. Vinnsluskránni lýkur vonandi fyrir haustið.

Annar angur af persónuvernd er svokallað „Mentormál“ í fjölmiðlum. Það fólst í því að Persónuvernd gerði athugasemdir við það hvernig umsýsluferfið Mentor er notað í grunnskólum á Íslandi en allir grunnskólar Hafnarfjarðar notast við kerfið. Athugasemdir Persónuverndar eru eldri en nýju GDPR lögin þótt þau séu þar samstíga. Í meginatriðum eru athugasemdir Persónuverndar gagnvart Mentor kerfinu (og gildir þá reyndar um hitt kerfið á markaðnum líka, Námfús) að það sé ekki ætlað til skráningar á viðkvæmum persónuupplýsingum líkt og gerist í dag. Þessar upplýsingar snúa t.d. að margvíslegum greiningum nemendum (læknisfræðilegar, þroskalegar, námslegar) og skráningum atvika í skólastarfi (hegðun og framkoma í dagbóarskráningum). Athugasemdir Persónuverndar eru þær að Mentor-kerfið verndi ekki nægilega persónur og friðhelgi þeirra og því megi EKKI skrá þessar upplýsingar í Mentor sökum þess. Skráningin er sjálf á ábyrgð grunnskólanna en ekki kerfisins. En kerfið sjálft þarf að uppfylla ákveðnar skyldur og inforMentor fyrirtækið sem á Mentor þarf að vinna eftir ákveðnum verklagsreglum með gögn um grunnskólanemendur. Í samræmi við GDPR lögin þarf að gera vinnslusamninga við þá aðila sem þjónusta allar stofnanir sem vinna með persónugreinanleg gögn sem Mentor/Námfús vissulega gera. Skrifað var undir vinnslusamning við infoMentor af öllum grunnskólum bæjarins núna í byrjun júní 2018 eftir sniði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert og sent sveitarfélögum. Þessir samningar verða síðan uppfærðir eins og þörf verður á. Sjá form sem fylgir gögnum máls.

Í haust er síðan ráðgerð fræðsla fyrir starfsfólk grunnskólanna um nýju lögin og skráningu upplýsinga í Mentor. Sömuleiðis þarf hver starfsmaður grunnskóla, nýir sem áður ráðnir starfsmenn, að skrifa upp á þagnarskylduupplýsingu sem áður þurfi ekki, þ.e. lög um sveitarfélög kváðu sérstaklega um þagnarskyldu starfsmann án sérstakrar undirritunar. Nú dugur það ekki lengur.

Sömuleiðis þarf að fara betur yfir hvað foreldrar þurfa að samþykka persónulega og hvort eitt form dugi fyrir hvert barn og allar persónugreinanlegar upplýsingar í skólastarfi, t.d. samþykki fyrir myndbirtingum o.fl.

Persónuverndarmál munu áfram vera í deiglu í grunnskólastarfinu og mörg verkefni eftir.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla